

Nd.

833. Nefndarálit

[262. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ræddi þetta frv. á fundi sínum í morgun og reyndist sammála um að mæla með samþykkt þess.

Hinn 6. nóv. s.l. tók ráðherrafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem Ísland er aðili að, ákvörðun um að koma á fót sjóði til aðstoðar Portúgal, sem einnig er í samtökunum, enda á Portúgal við mikla efnahagserfiðleika að etja. Skal sjóðurinn vera jafnvirði 100 millj. Bandaríkjadollara. Hinn 7. apríl s.l. samþykkti ráð samtakanna reglur um Iðnþróunarsjóð fyrir Portúgal. Samkvæmt þeim skal framlag Íslands í sjóðinn nema 1% eða sem nemur um 35 millj. kr. á ári í fimm ár, þ. e. 173.5 millj. kr. alls. Framlöggin eiga að endurgreiðast. Munu endurgreiðslur hefjast eftir lok 11. starfsárs sjóðsins og skal vera lokið eigi síðar en í lok tuttugasta og fimmta starfsársins. Af framlögum skal greiða 3% ársvexti að loknu sjötta starfsárinu.

Ísland mun fá aðild að stjórn sjóðsins, og verður fulltrúi Íslands í stjórninni skipaður af viðskiptaráðherra.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason, frsm.
Þórarinn Þórarinsson.	Tómas Árnason. Ey. Kon. Jónsson.	Lúðvík Jósepsson.